



DEILISKIPULAG BJARNARFLAGSVIRKJUNAR, SKÚTUSTAÐAHREPPI



GILDANDI SKIPULAG



BREYTT SKIPULAG

SKÝRINGAR	Samgöngukerfi	Lagnir	Önnur mannvirki
Landnotkun			
--- Mörk skipulagssvæðis	I-1 Iðnaðarsvæði, orkuvinnslusvæði	M Mannvirkjabelti, stofnlagnir og þjónustulöðar	■ Núverandi byggingar
--- Svæðamörk	I Iðnaðarsvæði án mannvirkja	Flutningslinur raforku, jarðstrengur	⊠ Byggingar sem má fjarlægja
--- Ákvæðamörk	I-O Iðnaðarsvæði, óbyggt land	Gufu- og vatnslagnir utan mannvirkjabela	Nýtingarákvæði
--- Lóðamörk	B Iðnaðarsvæði, borsvæði	Virkanavegir	R1.239 Mörking rúla (Flatarmál byggingarinnar)
○ Óbyggt svæði	R Iðnaðarsvæði, byggingarreitur	Slóðar	I-2.1239 Mörking löð (Flatarmál löð)
○ Helgunarsvæði þjóðvegjar	I-1 Iðnaðarsvæði, iðnaðarlöðir	+ Takmörkun umferðar, hlíð	Annað
HK Hverfisverndarsvæði	F Bjarnarflagslón	— Lagnastokkur undir veg	□ Garðlönd, dæmi
		○ Gönguleið	■ Grunnkort: Hnit hf. 2003
		○ Reioleið	

Greinargerð

Landsvirkjun leggur til í samráði við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar verði breytt á eftirfarandi hátt:

- Gatnamót aðkomuvegar, virkjanavegar, við þjóðveg 1 eru felld út. Í stað þess tengist virkjanavegurinn við aðkomuleið að Jarðböðunum með einföldum gatnamótum. Með þessu fækkar tengingum við þjóðveg auk þess sem gatnamót við Jarðbæðsveginn eru á betri stað en fyrirhuguð gatnamót virkjanavegarins voru m.t.t. umferðaröryggis. Breytingin gefur kost á því að aðkomuleið að iðnaðarlöð Létsteyppunnar verði þar sem hún var áður, þ.e. úr norðaustri.
- Mannvirkjabelti M skammt sunnan löðar Létsteyppunnar er lengt til vesturs þannig að það nái yfir sprungu sem þar er, sem fyrirhuguð var í deiliskipulaginu að nýta til neyðarlosunar affallsvatns frá virkjuninni, en mannvirkjabeltið náði ekki alla leið að henni. Ef áætlanir ganga eftir mun spungan taka við af núverandi neyðarlosun affallsvatns í Bjarnarflagslón, sem stefnt er að að afleggja.
- Borsvæði B6 er lengt til vesturs til samræmis við breytingu á mannvirkjabelti.
- Byggingarreitur R1 er stækkaður litillega til austurs. Við nánari rannsóknir komu í ljós sprungur á byggingarsvæðinu, sem leiða til þess að öllum byggingum er snúið litillega og verða þær nánast samsíða sprungustefnunni. Nauðsynlegt verður því að fara nær brekkunni á norðausturhluta reitsins. Hliðin austan reitsins er ógróin og því auðvelt að móta landið þannig að ekki sjáist ummerki um rask er frá löður.
- Mörkum orkuvinnslusvæðis er breytt við byggingarreit R2 og þau löguð að landslagi. Jafnframt er byggingarreitur R2 og aðliggjandi mannvirkjabelti stækkaður til samræmis þar sem hann reynist of litill til að rúma fyrirhuguð mannvirki við skiljustöð virkjunarinnar. Mörk orkuvinnslusvæðis, sem dregin eru í aðalskipulagi taka á þessum stað ekki mið af landslagi. Hluti flatlendis að brekkurót gjallhóls vestan þess er innlimað í orkuvinnslusvæðið. Breytingin er óveruleg á mælikvarða aðalskipulags og því talin möguleg á deiliskipulagsstigi án breytingar á aðalskipulagi.
- Vegna breyttra áforma um aðgengi almennings og fyrirkomulag móttökukúhs fyrir ferðamenn og gesti er lagt til að göngustigir innan virkjanarsvæðisins verði felldir út. Í stað þeirra liggja göngustigir frá Jarðböðunum um gighólana vestan virkjunarinnar. Þar gefst góð yfirsýn yfir virkjanarsvæðið allt. Með breytingunni er stuðlað að bættu öryggi ferðamanna og gesta. Gert er ráð fyrir að gera megi útsýnispalla á völdum stöðum í hólnum.
- Ný lagnaleið frá mannvirkjabelti M/reit R5 að löð Létsteyppunnar.
- Framsetning: Virkjanavegir og slóðar eru merktir með brúnum lit til þess að aðgreina þá betur frá bakgrunni en á upphaflegum uppdætti.

Breytingarnar eiga ekki við meginatriði deiliskipulagsins eða heildar-fyrirkomulag virkjunarinnar. Um er að ræða breytta afmörkun svæða innan sömu heildarmyndar og áður svo og breytta aðkomuleið, sem ekki hefur áhrif á skipulag virkjunarinnar sjálfrar. Þrátt fyrir breytt áform um fyrirkomulag gestamóttöku er ekki lagt til á þessu stigi að fella út byggingarreit R3.


Breytingar á greinargerð

KAFLI 3.4.4 BORSVÆÐI

- Leiðrétting og breyting: Í gildandi skipulagi er borsvæði B6 2,2 ha en tilgreint sem 2,4 ha í töflu í greinargerð. Breytt B6 verður 2,4 ha.

KAFLI 3.4.10 NÝJAR BYGGINGAR

- Breytt flatarmál byggingarreits R1: Verður 52.370 m² í stað 49.350 m². Byggingarmagn og hæðir bygginga óbreytt.
- Breytt flatarmál byggingarreits R2: Verður 10.000 m² í stað 7.100 m². Byggingarmagn og hæðir bygginga óbreytt.



Gildandi aðalskipulag Skútustaðahrepps m.s.br.

KAFLI 2.6.2 AÐRIR VEGIR OG VIRKJANAVEGIR

Gildandi skipulag:

- Frá þjóðvegi 1 mun vegur liggja til suðausturs að skiljustöð, móttökukúsi og virkjun þar sunnan við. Vegurinn verður opin almennri umferð að móttökukúsi en vegurinn að virkjuninni verður einungis opin heim sem þangað eiga erindi.

Breytt skipulag:

- Virkjanavegur, meginaðkoma að virkjuninni, mun liggja frá Jarðbæðsvegi um gatnamót skammt sunnan þjóðvegjar. Vegurinn verður opin almennri umferð að afleggjara að Létsteyppunni en að öðru leyti einungis opin heim sem erindi eiga að virkjuninni.

Skýringarmyndir í greinargerð, þar sem aðkomuvegur sést svo og byggingarreitur R2 og afmörkun orkuvinnslusvæðis þar, eru ekki uppfærðar.

Breyting á skipulagsuppdrætti

- Gatnamót aðkomuvegar, virkjanavegar, við þjóðveg 1 eru felld út og vegurinn tengdur til vesturs að aðkomuvegi að Jarðböðunum.
- Mannvirkjabelti M skammt sunnan löðar Létsteyppunnar er lengt til vesturs.
- Borsvæði B6 er lengt til vesturs.
- Byggingarreitur R1 er stækkaður litillega.
- Mörkum orkuvinnslusvæðis er breytt við byggingarreit R2. Byggingarreitur R2 stækkaður svo og aðliggjandi mannvirkjabelti.
- Göngustigum breytt sbr. greinargerð hér að framan.
- Bætt er inn lagnaleið frá mannvirkjabelti og reit R5 að löð Létsteyppunnar.
- Breyttir litir á virkjanavegum og slóðum.
- Aðkomuleið að löð Létsteyppunnar er breytt.
- Merkt eru inn tvö svæði sem nýtt eru til ræktunar og hverabaksturs (garðlönd, sýnd sem dæmi á skipulagsuppdrætti).

Áhrifamat

Um umhverfisáhrif framkvæmda við Bjarnarflagsvirkjun vísast til umhverfisskýrslu deiliskipulagsins og mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Breyting á vegakerfi mun auka umferðaröryggi á þjóðvegi 1 þar sem gatnamótum er fækkað auk þess sem tenging svæðisins verður um gatnamót, sem eru fær brekkunni og beygjunn upp í Namaskarð.

Breyttir vegir fer nálægt svæði þar sem jarðhiti er á yfirborði. Sneitt er eftir fongum hjá slíkum svæðum þannig að hverir og hverahrúður verði ekki fyrir skaða.

Nálægt fyrirhuguðu vestvæði er jarðhiti nýttur til ræktunar og bókunar. Sneitt er hjá helstu nýtingarsvæðum og raskar vegurinn ekki þeirri nýtingu ef frá er talin minni háttar skerðing á kartöflugarði, sem unnt er að bæta með tilfærslu garðsins.

Breytingar á borsvæði B6 og mannvirkjabelti við það eru til samræmis við núverandi notkun svæðisins.

Breytt mörk byggingarreits R1 gefa auknið svigrúm til landmótunar til samræmis við breytta stefnu mannvirkja (sbr. greinargerð hér að framan). Staðhættir gefa kost á landmótun sem fellur vel að ósnortnu landi.

Breytt mörk orkuvinnslusvæðis við R2 falla vel að landslagi. Það land sem leggst við svæðið er sams konar og aðliggjandi land innan núverandi marka. Viðbótarsvæðið nær að skilum í landslagi, brekkurót við gjallhól. Breytingin hefur því engin eða mjög litil áhrif umfram það sem fyrirhuguð er í gildandi áætlun. Með breytingunni verður rýmra um mannvirki á byggingarreitnum en ekki er gert ráð fyrir auknu byggingarmagni.

Breytingar á göngustigum bæta öryggi gesta og útivistarfólks þar sem komist verður hjá því að almenn umferð gangandi fólks verði um virkjanamannvirkin. Tilgangur útivistarstiganna er að gefa yfirsýn yfir virkjunina í heild og eru útsýnistaðir í aðliggjandi hólnum og gíg ákjósanlegir í heim tilgangi.

Breyting á deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar, Skútustaðahreppi, sem samþykkt var 12.5.2011.

Skipulagsbreyting þessi var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 20. júlí 2012 til 31. ágúst 2012

Breytingin var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps

19/11/2012
Sveitarstjóri
Guðrún Varsimud
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

Auglýsing um samþykkt birtist í B-deild Stjórnartíðinda 19/11/2012 nr 974/2012

TEIKNISTOFA ARKITEKTA GYLFI GUDJÓNSSON OG FELAGAR ehf. arkitekta hf. <small>SKRANINGARSTJÓRN 101A ARKILÓG 101A ARKILÓG 101A ARKILÓG</small>	Deiliskipulag Bjarnarflagsvirkjunar	
	Skútustaðahreppi	VERK 08-830
	Breyting á deiliskipulagi. Aðkomuvegir, afmörkun mannvirkjabelta, borsvæði B6, byggingarreits R2 og göngustiga.	BLAD 02
HANNAD	TEIKNAD	DAGS 25. júní 2012
KVARDI A2 1:5.000	ÁD	BREYTT